

Sveitarfélagið Ölfus
Ársreikningur
2021

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
kt. 420369-7009

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4-5
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Yfirlit um sjóðstreymi ársins.....	8
Skýringar.....	9-22
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.....	23

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins Ölfuss, A og B hluta, námu alls um 3.384,9 milljónum króna, þar af voru rekstrartekjur A hluta 2.910,9 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt A og B hluta var jákvæð um 297,4 milljónir króna en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 127,2 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir A og B hluta um 6.914,7 milljónir króna, bókfært eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2021 nam um 3.498,7 milljónir króna og er eiginfjárlutfall sveitarfélagsins 50,6%.

Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins fylgjast áfram með áhrifum kórónaveirunnar (COVID-19) á afkomu og stöðu sveitarfélagsins. Mjög óvenjulegar aðstæður voru á árið 2021 vegna COVID-19. Áhrifin hafa verið töluverð á starfsemi sveitarfélaga. Áhrifin sjást m.a. í lægri tekjum og auknum gjöldum. Nánari umfjöllum má finna í skýringu nr. 20.

Engir viðaukar við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins voru lagðir fram á árinu til samþykktar hjá bæjarstjórn.

Það er álit bæjarstjórnar og bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss að í ársreikningi þessum komi fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Sveitarfélagið birtir yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn; Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Þorlákshöfn, 28. apríl 2022

Bæjarstjórn



Gestur Þór Kristjánsson
Forseti bæjarstjórnar



Steinar Lúðvíksson
Varaforseti bæjarstjórnar



Grétar Ingi Erlendsson



Kristín Magnúsdóttir



Jón Páll Kristófersson



Þrúður Sigurðardóttir



Guðmundur Oddgeirsson

Bæjarstjóri



Elliði Vignisson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanagerð og ársreikninga sveitarfélaga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Sveitarfélaginu Ölfus í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem sveitarfélagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær því ekki til skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar og óendurskoðaðrar stjórnarháttaryfirlýsingar og ófjárhagslegra upplýsinga sveitarfélagsins ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanagerð og ársreikninga sveitarfélaga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanagerð og ársreikninga sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ef við á, skulu bæjarstjórn og bæjarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda framhald

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Þorlákshöfn, 28. apríl 2022

BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir

löggiltur endurskoðandi



Hrunn Hauksdóttir

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2021	Áætlun	2020	2021	Áætlun	2020
Rekstrartekjur	3					
Skatttekjur án framlags Jöfnunarsjóðs.....	1.898.889	1.759.525	1.714.308	1.893.544	1.754.190	1.709.037
Framlög úr Jöfnunarsjóði.....	560.608	549.130	568.273	560.608	549.130	568.273
Þjónustutekjur.....	349.801	196.908	255.088	814.859	615.858	654.407
Eignatekjur.....	46.963	37.285	42.628	68.535	63.137	58.801
Aðrar tekjur.....	54.649	10.765	14.339	47.334	26.605	7.999
	<u>2.910.911</u>	<u>2.553.613</u>	<u>2.594.637</u>	<u>3.384.880</u>	<u>3.008.920</u>	<u>2.998.518</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	4 1.157.964	1.111.310	1.241.711	1.246.928	1.199.260	1.318.884
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	13 63.383	45.455	53.821	67.464	49.120	58.684
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>1.385.431</u>	<u>1.204.267</u>	<u>1.021.845</u>	<u>1.478.893</u>	<u>1.330.598</u>	<u>1.096.633</u>
	<u>2.606.777</u>	<u>2.361.032</u>	<u>2.317.377</u>	<u>2.793.285</u>	<u>2.578.978</u>	<u>2.474.201</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		304.133	192.581	277.260	591.595	429.942
Afskriftir.....	8 (101.946)	(116.073)	(112.729)	(181.027)	(201.378)	(189.226)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		202.188	76.508	164.532	410.568	228.564
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld						
Fjármunatekjur.....	5 22.362	4.804	10.441	18.593	5.303	6.861
Fjármagnsgjöld.....	6 (97.351)	(72.115)	(82.034)	(131.773)	(99.584)	(104.526)
	<u>(74.989)</u>	<u>(67.311)</u>	<u>(71.593)</u>	<u>(113.180)</u>	<u>(94.281)</u>	<u>(97.665)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>127.199</u>	<u>9.938</u>	<u>297.388</u>	<u>134.283</u>	<u>237.425</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir.....	8	2.971.001	2.895.218	3.437.053	3.321.810
Veitu- og gatnakerfi.....	8	29.662	79.247	667.010	646.714
Hafnarmannvirki.....	8	0	0	682.778	569.155
Áhöld og tæki.....	8	43.363	50.532	135.794	148.304
		<u>3.044.025</u>	<u>3.024.998</u>	<u>4.922.636</u>	<u>4.685.983</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í félögum.....	9	148.265	147.265	149.011	148.011
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		65.239	65.090	0	0
Aðrar langtímakröfur.....	10	112.766	34.872	112.766	34.872
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	18	199.591	197.913	218.949	218.115
		<u>525.862</u>	<u>445.140</u>	<u>480.726</u>	<u>400.998</u>
Fastafjármunir samtals		<u>3.569.887</u>	<u>3.470.137</u>	<u>5.403.361</u>	<u>5.086.981</u>
Veltufjármunir					
Vörubirgðir.....		5.037	4.997	5.037	4.997
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur.....	11	512.558	401.903	571.292	450.862
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki.....		3.004	2.742	0	0
Næsta árs afborgun langtímakrafna.....	10	104.731	1.689	104.731	1.689
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		254.869	150.756	0	0
Aðrar skammtímakröfur.....	11	30.973	31.110	273.930	45.397
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	18	8.186	8.186	9.031	9.031
Handbært fé.....	11	201.564	149.951	547.345	234.168
		<u>1.120.921</u>	<u>751.333</u>	<u>1.511.365</u>	<u>746.143</u>
Eignir samtals		<u>4.690.808</u>	<u>4.221.471</u>	<u>6.914.727</u>	<u>5.833.123</u>
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur.....	12	2.247.479	2.120.280	3.498.724	3.201.336
		<u>2.247.479</u>	<u>2.120.280</u>	<u>3.498.724</u>	<u>3.201.336</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding.....	13	505.876	470.920	528.848	492.980
Langtímaskuldir					
Skuldabréfalán.....	14	1.195.623	1.240.753	1.651.396	1.714.442
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	16	339.708	0	339.708	0
		<u>2.041.206</u>	<u>154.124</u>	<u>2.519.951</u>	<u>2.004.425</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir.....	15	196.121	162.288	649.154	179.190
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	15	105.229	97.736	139.828	133.144
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		1.590	27.807	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	15	99.182	101.687	107.069	112.031
		<u>402.122</u>	<u>389.517</u>	<u>896.051</u>	<u>424.365</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>2.443.328</u>	<u>2.101.190</u>	<u>3.416.003</u>	<u>2.631.787</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.690.808</u>	<u>4.221.471</u>	<u>6.914.727</u>	<u>5.833.123</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

Skýr.	A hluti		A og B hluti	
	2021	2020	2021	2020
Rekstrarhreyfingar				
<i>Veltufé frá rekstri:</i>				
Rekstrarniðurstaða ársins.....	127.199	92.938	297.388	237.425
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</i>				
Afskriftir.....	8	101.946	112.729	181.027
Verðbætur og gengismunur.....		50.433	42.502	76.820
Breyting á lífeyrisskuldbindingum.....	13	55.128	45.566	58.364
		<u>334.706</u>	<u>293.734</u>	<u>613.598</u>
			<u>613.598</u>	<u>533.420</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>				
Vörubirgðir, lækkun (hækkun).....		(41)	115	(41)
Fyrirframgreiddur kostnaður, lækkun (hækkun).....		(1.678)	7.983	(833)
Óinnh. tekjur og viðskiptakr., lækkun (hækkun).....		(110.655)	(161.750)	(120.430)
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		138	(13.608)	(228.533)
Viðskiptaskuldir, lækkun (hækkun).....		33.834	88.157	469.964
Aðrar skammtímaskuldir, lækkun (hækkun).....		(2.505)	1.451	(4.961)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar.....	13	(20.172)	(20.695)	(22.496)
		<u>(101.079)</u>	<u>(98.346)</u>	<u>92.670</u>
			<u>92.670</u>	<u>(128.240)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>233.626</u>	<u>195.388</u>	<u>706.268</u>
			<u>195.388</u>	<u>405.180</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	8	(269.780)	(333.251)	(566.486)
Innborguð gatnagerðargjöld.....	8,16	148.807	111.552	148.807
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	16	339.708		339.708
Breytingar á eignarhlutum.....	9	(1.000)	(37.226)	(1.000)
Langtímakröfur breyting.....		(169.731)	4.105	(172.595)
		<u>48.003</u>	<u>(254.820)</u>	<u>(251.567)</u>
			<u>(251.567)</u>	<u>(585.407)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....		(130.330)	4.034	0
Tekin ný langtímalán.....		0	145.000	0
Afborganir langtímalána.....		(99.687)	(114.782)	(141.523)
		<u>(230.017)</u>	<u>34.252</u>	<u>(141.523)</u>
			<u>34.252</u>	<u>186.146</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		51.613	(25.180)	313.178
Handbært fé í ársbyrjun.....		149.951	175.131	234.168
Handbært fé í árslok		<u>201.564</u>	<u>149.951</u>	<u>547.345</u>
			<u>149.951</u>	<u>234.168</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst bæjarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð Ölfuss.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Vatnsveita Þorlákshafnar, Fráveita Ölfuss, Hafnarsjóður Þorlákshafnar, Félagslegar íbúðir Ölfuss, Íbúðir eldri borgara og Uppgræðslusjóður Ölfuss.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning A hluta og samantekinn ársreikning A og B hluta.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur A hluta

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur A og B hluta

Samantekinn ársreikningur A og B hluta tekur til bæjarsjóðs (A hluta) og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður milli A hluta og fyrirtækja sem mynda B hluta eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur vegna óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna (framhald)

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

Niðurfærslur eigna

Skuldabréf, langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignum í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir með eignarréttarfyrirvörum samkvæmt samningum um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama hátt og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir sveitarfélagsins í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarfélagsins eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikning A hluta.

Birgðir

Birgðir rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði, að frádregnum greiddum afborgunum, og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs				
Útsvar.....	1.401.918	1.276.800	1.401.918	1.276.800
Fasteignaskattur.....	450.314	438.275	444.969	432.940
Lóðarleiga.....	46.657	44.450	46.657	44.450
	<u>1.898.889</u>	<u>1.759.525</u>	<u>1.893.544</u>	<u>1.754.190</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Þjónustuframlag.....	249.464	216.155	249.464	216.155
Framlag vegna fasteignagjalda.....	64.757	57.345	64.757	57.345
Almennt grunnskólaframlag.....	136.134	115.800	136.134	115.800
Framlag vegna nýbúa.....	7.200	7.350	7.200	7.350
Framlag vegna sérþarfa barna.....	14.250	11.870	14.250	11.870
Framlag vegna fatlaðra.....	86.827	139.035	86.827	139.035
Framlag vegna tónlistarmenntunar.....	1.976	1.575	1.976	1.575
	<u>560.608</u>	<u>549.130</u>	<u>560.608</u>	<u>549.130</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	349.801	196.908	814.859	615.858
Eignatekjur.....	46.963	37.285	68.535	63.137
Aðrar tekjur.....	54.649	10.765	47.334	26.605
	<u>451.414</u>	<u>244.958</u>	<u>930.729</u>	<u>705.600</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>2.910.911</u>	<u>2.553.613</u>	<u>3.384.880</u>	<u>3.008.920</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattur - A-liður.....		0,33%		
Fasteignaskattur - B-liður.....		1,32%		
Fasteignaskattur - C-liður.....		1,65%		

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2021	2021	2021	2021
Laun.....	937.637	895.665	1.009.804	967.430
Launatengd gjöld.....	220.327	215.645	237.125	231.830
	<u>1.157.964</u>	<u>1.111.310</u>	<u>1.246.928</u>	<u>1.199.260</u>
Stöðugildi árið 2021.....	104		109	
Starfsmannafjöldi í árslok 2021.....	163		156	

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 45,8 milljónir króna á árinu 2021 en voru 42,8 milljónir króna á árinu 2020.

5. Fjármunatekjur

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2021	2021	2021	2021
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	6.229	1.838	7.614	2.337
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign.....	14.649	1.716	9.494	1.716
Tekjur af hlutabréfaeign.....	1.427	1.250	1.427	1.250
	<u>22.362</u>	<u>4.804</u>	<u>18.593</u>	<u>5.303</u>

6. Fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2021	2021	2021	2021
Vaxtagjöld af skammtímask. við lánastofnanir.....	125	0	471	0
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum.....	97.225	72.115	131.302	99.584
	<u>97.351</u>	<u>72.115</u>	<u>131.773</u>	<u>99.584</u>

Skýringar

7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun	Hlutfall af tekjum
Skatttekjur.....	0	2.516.838	2.516.838	2.368.080	86,5%
Félagsþjónusta.....	465.552	132.584	(332.968)	(335.262)	(11,4%)
Heilbrigðismál.....	3.166	0	(3.166)	(3.110)	(0,1%)
Fræðslu- og uppeldismál.....	1.397.035	192.122	(1.204.913)	(1.144.375)	(41,4%)
Menningarmál.....	78.843	3.771	(75.072)	(74.846)	(2,6%)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	388.018	54.288	(333.730)	(315.459)	(11,5%)
Brunamál og almannavarnir.....	46.533	0	(46.533)	(46.933)	(1,6%)
Hreinlætismál.....	80.968	44.258	(36.710)	(26.464)	(1,3%)
Skipulags- og byggingarmál.....	82.631	67.904	(14.728)	(66.115)	(0,5%)
Umferðar- og samgöngumál.....	47.180	624	(46.556)	(51.579)	(1,6%)
Umhverfismál.....	41.812	1.194	(40.619)	(44.194)	(1,4%)
Atvinnumál.....	34.745	8.415	(26.331)	(25.158)	(0,9%)
Framlög til B hluta stofnana.....	10.500	0	(10.500)	(10.500)	(0,4%)
Sameiginlegur kostnaður.....	169.980	20.444	(149.537)	(144.115)	(5,1%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	63.383	0	(63.383)	(45.455)	(2,2%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	16.258	122.520	106.262	80.309	3,7%
Aðalsjóður samtals.....	2.926.605	3.164.961	238.356	114.825	
A hluta stofnanir:					
Eignasjóður	392.406	312.559	(79.848)	(59.471)	
Þjónustumiðstöð Ölfuss.....	99.934	68.625	(31.309)	(46.156)	
Jöfnunarfærslur.....	(612.873)	(612.873)	0	0	
A hluti samtals.....	<u>2.806.073</u>	<u>2.933.273</u>	<u>127.199</u>	<u>9.197</u>	
B hluta stofnanir:					
Fráveita Ölfuss.....	33.850	55.770	21.921	19.778	
Vatnsveita Þorlákshafnar.....	39.162	42.397	3.235	8.537	
Hafnarsjóður Þorlákshafnar.....	193.765	368.567	174.802	112.948	
Félagslegar íbúðir Ölfuss.....	30.365	16.069	(14.297)	(6.371)	
Íbúðir eldri borgara.....	33.709	26.212	(7.498)	(1.807)	
Uppgræðslusjóður Ölfuss.....	11.475	3.500	(7.975)	(8.000)	
	<u>342.326</u>	<u>512.515</u>	<u>170.189</u>	<u>125.086</u>	
Jöfnunarfærslur.....	(42.314)	(42.314)	0	0	
Samantekinn ársreikningur (A og B hluti)...	<u>3.106.085</u>	<u>3.403.473</u>	<u>297.388</u>	<u>134.283</u>	

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og byggingarland	Veitu- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun.....	4.370.752	220.777	119.430	4.710.959
Eignfært á árinu.....	163.559	100.660	5.561	269.780
Gatnagerðargjöld.....	0	(148.807)	0	(148.807)
Staða í árslok.....	4.534.311	172.631	124.991	4.831.932

Afskriftir

Staða í ársbyrjun.....	1.475.534	141.530	68.898	1.685.962
Afskrift ársins.....	87.776	1.439	12.730	101.946
Staða í árslok.....	1.563.310	142.969	81.628	1.787.907

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.895.218	79.247	50.532	3.024.998
Bókfært verð í árslok.....	2.971.001	29.662	43.363	3.044.025

Afskriftarhlutföll..... 0-2,5% 4-15% 2,5-20%

A og B hluti

	Fasteignir og byggingarland	Veitu- og gatnakerfi	Hafnarmannvirki	Áhöld, tæki og dráttarbátar	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun.....	4.980.954	1.433.610	953.437	237.971	7.605.973
Eignfært á árinu.....	214.558	200.147	146.220	5.561	566.486
Gatnagerðargjöld.....	0	(148.807)	0	0	(148.807)
Staða í árslok.....	5.195.512	1.484.951	1.099.658	243.532	8.023.653

Afskriftir

Staða í ársbyrjun.....	1.659.144	786.896	384.282	89.668	2.919.990
Afskrift ársins.....	99.315	31.045	32.597	18.070	181.027
Staða í árslok.....	1.758.459	817.941	416.879	107.738	3.101.017

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun.....	3.321.810	646.714	569.155	148.304	4.685.983
Bókfært verð í árslok.....	3.437.053	667.010	682.778	135.794	4.922.636

Afskriftarhlutföll..... 0-12% 0-15% 2-20% 2,5-25%

A hluti

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Leikskólar og grunnskólar.....	1.007.928	2.792.507	1.158.278
Aðrar fasteignir.....	1.187.389	2.983.250	1.812.723
	2.195.317	5.775.757	2.971.001

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

A og B hluti	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir A hluta, sjá að framan.....	5.775.757	2.971.001
Fráveita Ölfuss.....	1.543.021	315.459
Hafnarsjóður Þorlákshafnar.....	5.821.662	736.194
Vatnsveita Þorlákshafnar.....	645.104	274.622
Félagslegar íbúðir Ölfuss.....	413.640	105.957
Íbúðir eldri borgara.....	695.000	309.494
	<u>14.894.184</u>	<u>4.712.726</u>

9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum:	A og B hluti	
	2021	2020
Brunavarnir Árnessýslu.....	14.114	14.114
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.....	11.450	11.450
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.....	37.226	37.226
Háskólafélag Suðurlands ehf.....	7.446	7.446
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	76.452	76.452
Aðrir eignarhlutir.....	2.322	1.322
Bókfært verð í lok árs.....	<u>149.011</u>	<u>148.011</u>

10. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	A og B hluti	
	2021	2020
Staða í ársbyrjun.....	36.561	36.861
Viðbót.....	228.214	0
Innborganir.....	(55.618)	(1.483)
Verðbreytingar.....	8.341	1.182
Staða í árslok.....	<u>217.497</u>	<u>36.561</u>
Næsta árs afborgun.....	<u>(104.731)</u>	<u>(1.689)</u>
	<u>112.766</u>	<u>34.872</u>

11. Aðrar peningalegar eignir

Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Útsvar og aðstöðugjöld.....	270.877	257.964	270.877	257.964
Fasteignagjöld.....	30.907	23.397	30.907	23.397
Aðrar tekjur.....	297.361	205.831	357.501	256.196
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(86.588)	(85.290)	(87.994)	(86.696)
	<u>512.558</u>	<u>401.903</u>	<u>571.292</u>	<u>450.862</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Staða í ársbyrjun.....	85.290	75.235	86.696	76.545
Breyting niðurfærslu á árinu.....	21.382	18.895	21.382	18.895
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	(20.084)	(8.840)	(20.084)	(8.935)
Staða í árslok.....	<u>86.588</u>	<u>85.290</u>	<u>87.994</u>	<u>86.696</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur.....	25.893	18.752	102.185	18.752
Óinnheimtir vextir.....	152	151	251	216
Aðrar kröfur.....	4.928	12.208	171.494	26.429
	<u>30.973</u>	<u>31.110</u>	<u>273.930</u>	<u>45.397</u>

Handbært fé

Handbært fé sveitarfélagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Óbundnar bankainnst. í ísl. krónum.....	201.564	149.951	547.345	234.168
	<u>201.564</u>	<u>149.951</u>	<u>547.345</u>	<u>234.168</u>

12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2020.....	2.027.342	2.963.911
Rekstrarniðurstaða ársins.....	92.938	237.425
Eigið fé 31.12.2020.....	2.120.280	3.201.336
Rekstrarniðurstaða ársins.....	127.199	297.388
Eigið fé 31.12.2021.....	<u>2.247.479</u>	<u>3.498.724</u>

13. Lífeyrisskuldbinding

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en um er að ræða réttindatengd lífeyriskerfi með bankaábyrgð launagreiðanda. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingastærðfræðinga, miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir, er áætluð alls um 505,9 milljónir króna í árslok 2021 og hefur þá hækkað um 35 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar á árinu nemur 63,4 milljónum króna. Nánar er fjallað um uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs í skýringu 18 með ársreikningnum.

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 22,9 milljónum króna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Skuldbindingin hækkaði um 912 þúsund króna en gjaldfærð skuldbinding Hafnarsjóðs á árinu nemur um 4,0 milljónum króna. Uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs vegna Hafnarsjóðs námu 845 þúsund króna sem voru færðar á meðal rekstrargjalda á árinu 2021.

	Árið 2021		Árið 2020	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári.....	470.920	492.980	446.049	466.633
Hækkun ársins.....	55.128	58.364	45.566	49.584
Afborganir ársins.....	(20.172)	(22.496)	(20.695)	(23.237)
Lífeyrisskuldbindingar í árslok.....	<u>505.876</u>	<u>528.848</u>	<u>470.920</u>	<u>492.980</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2022-2026.....	111.767	116.842
Árin 2027-2031.....	111.813	116.890
Árin 2032-2036.....	100.483	105.046
Síðar.....	181.813	190.069
	<u>505.876</u>	<u>528.848</u>

Skýringar

14. Langtímaskuldir

Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun.....	1.338.489	1.847.586
Afborganir á árinu.....	(99.687)	(141.523)
Verðbætur.....	62.049	85.160
Staða í árslok.....	1.300.851	1.791.223
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	(105.229)	(139.828)
Langtímaskuldir í árslok.....	1.195.623	1.651.396
Vaxtakjör í árslok.....	2,80-5,22%	1,00-5,22%

Lán sveitarfélagsins eru öll verðtryggð.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir.....	105.229	139.828
Afborganir 2023.....	108.064	140.160
Afborganir 2024.....	100.579	128.451
Afborganir 2025.....	92.719	116.170
Afborganir 2026.....	95.174	118.994
Afborganir síðar.....	799.086	1.147.620
	1.300.851	1.791.223

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Innlendar viðskiptaskuldir.....	196.121	162.288	649.154	179.190
	196.121	162.288	649.154	179.190

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Skuldir við lánastofnanir.....	105.229	97.736	139.828	133.144
	105.229	97.736	139.828	133.144

Aðrar skammtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur.....	0	0	0	6.029
Ógreidd opinber gjöld.....	23.604	23.940	23.604	23.940
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	66.974	68.823	69.784	71.045
Ógreiddir áfallnir vextir.....	8.604	8.924	10.226	10.489
Aðrar skuldir.....	0	0	3.455	527
	99.182	101.687	107.069	112.031

Skýringar

16. Fyrirframminnheimtar tekjur

Framkvæmdarkostnaður vegna fjárfestinga í nýjum gatnakerfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni. Tekjur umfram framkvæmdakostnað, að fjárhæð 339,7 milljónum króna, eru færðar sem fyrirframminnheimtar tekjur.

17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Með breytingu á reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga ber sveitarfélögum að færa byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins í samantekin reikningsskil sín m.v. hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Gildir þetta um einstaka liði rekstrar og efnahags óháð stærð eignarhlutarins. Breytingar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021 og eiga við ársreikning þess árs og fjárhagsáætlun 2022.

Með nýrri reglugerð, nr. 14/2022, er sveitarfélögum heimilt að ákveða að þessi breyting taki gildi 2022. Jafnframt er þeim sveitarfélögum sem hyggjast nýta sér þessa heimild skylt að taka tilliti til þessa í fjárhagsáætlun 2022 með samþykkt viðauka eigi síðar en 1. júní nk.

Sveitarfélagið Ölfus hefur ákveðið að nýta þessa heimild reglugerðar nr. 14/2022 í ljósi þess að uppgjör byggðasamlaga og sameignarfélaga fyrir árið 2021 voru ekki tilbúin fyrir birtingu ársreiknings sveitarfélagsins. Því eru reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga ekki færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins árið 2021.

Sveitarfélagið er ásamt öðrum nærliggjandi sveitarfélögum þátttakandi í fjórum byggðasamlögum: Bergrisanum bs., Sorpstöð Suðurlands bs., Héraðsnefnd Árnesinga bs. og Brunavörnum Árnessýslu. Auk þessara verkefna tekur sveitarfélagið þátt í ýmsum öðrum samstarfsverkefnum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna miðað við samanlagða íbúatölu á hverju ári.

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar

19. Uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Í kjölfar lagabreytinga á árinu 2017 er vörðuðu samræmingu og jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum markaði þar sveitarfélögum að gera upp reiknaðan framtíðarhalla A-deildar Brúar lífeyrissjóðs með einskiptisgreiðslu. Til stóð að uppgjórið færi fram á árinu 2017 en það dróst fram í febrúar 2018. Á árinu 2017 voru settar tvær nýjar reglugerðir vegna þessa, annars vegar með breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga og hins vegar með breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga í þeim tilgangi að samræma reikningshaldslega meðhöndlun hjá sveitarfélögum. Um var að ræða eingreiðslur sveitarfélagsins í þrjá sjóði, jafnvægisjóð, varúðarsjóð og lífeyrisaukasjóð.

Sveitarfélagið hefur fylgt þessum leiðbeiningum um reikningshaldslega meðhöndlun og gjaldfærði þann hluta greiðslunnar sem var ætlað að gera upp áfallna skuldbindingu sjóðsins í tengslum við uppgjör A deildar sjóðsins á árinu 2017, þ.e. framlag í jafnvægisjóð. Framlag í jafnvægisjóð á árinu 2017 var 61,7 milljónir króna, þar af var framlag Hafnarsjóðs 3,3 milljónum króna. Greiðslur sveitarfélagsins í lífeyrisaukasjóð námu 214,4 milljónum króna, þar af 21,6 milljón króna vegna Hafnarsjóðs. Heimilt er að færa greiðslur í lífeyrisaukasjóð til gjalda á 30 árum, frá og með 31. maí 2017. Fjárhæðin færir meðal fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi. Greiðslur í varúðarsjóð námu 23 milljónum króna, þar af 2,5 vegna Hafnarsjóðs. Greiðslur í varúðarsjóð eru einnig eignfærðar meðal fyrirframgreiðslna og færðar til gjalda á 20 árum. Áætlað er að framlag í lífeyrisauka- og varúðarsjóð geti numið 15,4 milljónum króna á ári.

Á árinu 2019 bættist við skuldbinding við Brú lífeyrissjóð vegna kostnaðarþátttöku í skólastarfi í Hveragerðisbæ. Framlag vegna þessa í jafnvægisjóð var 2,4 milljónir króna. Greiðsla sveitarfélagsins í lífeyrisaukasjóð nam 10 milljónum króna. Heimilt er að færa greiðslur í lífeyrisaukasjóð til gjalda á 30 árum. Fjárhæðin færir meðal fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi. Greiðslur í varúðarsjóð námu 1,1 milljón króna. Greiðslur í varúðarsjóð eru einnig eignfærðar meðal fyrirframgreiðslna og færðar til gjalda á 20 árum. Áætlað er að framlag í lífeyrisauka- og varúðarsjóð geti numið 386 þúsund krónum á ári.

20. Áhrif COVID-19 á rekstur og stöðu sveitarfélagsins

Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á starfsemi sveitarfélaga hafa verið töluverð. Ekki er enn ljóst hver endanleg áhrif faraldursins verða þrátt fyrir að séð sé fyrir endalok hans þá munu áhrifin vara í einhvern tíma eftir að honum lýkur. Áhrif faraldursins á rekstur og stöðu sveitarfélagsins Ölfus hafa fyrst og fremst alist í lægri skatttekjum og aukningu á velferðarútgjöldum vegna ýmissa málaflokka í rekstrinum auk frestunar á gjalddögum útistandandi krafna sveitarfélagsins. Á móti hefur þó orðið fjölgun íbúa í sveitarfélaginu og því hafa m.a. fasteignaskattar hækkað vegna nýrra lóða og mannvirkja. Ljóst er að áhrifa faraldursins mun gæta áfram á árinu 2022.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að þrátt fyrir það sem er að framan lýst, sé fjárhagsleg staða sveitarfélagsins sterk og það í stakk búið til að mæta áframhaldandi áhrifum vegna faraldursins.

21. Atburðir eftir reikningsskiladag

Þann 14. maí 2021 var Sveitarfélagið Ölfus birt stefna af hálfu Þorlákssverks ehf. Í málinu gerði stefnandi dómskröfu að fjárhæð 49,5 milljónir króna. Málið á rætur að rekja til lóðaúthlutunar frá árinu 2006. Sveitarfélagið Ölfus krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Með dómi Héraðsdóms Suðurlands þann 1. mars 2022 var Sveitarfélagið Ölfus dæmt til að greiða stefnda Þorlákssverki ehf. 49,5 milljónir króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. desember 2019 til greiðsludags. Sveitarfélagið Ölfus hefur nú áfrýjað niðurstöðunni til Landsréttar og má búast við niðurstöðu sumarið 2023.

Skýringar

22. Lykiltölur

Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:

	Áætlun 2021	2021	2020	2019	2018	2017
Jafnvægisregla,						
rekstrarjöfnuður í þús.kr.....	672.023	835.128	780.499	694.764	552.275	315.134
Skuldaviðmið skv. reglugerð.....		50,65%	57,03%	57,00%	69,71%	77,89%
Skuldahlutfall.....		100,92%	87,77%	82,84%	91,61%	89,30%

Í hlutfalli við rekstrartekjur:	A hluti		A og B hluti	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
Skatttekjur.....	65,23%	68,90%	55,94%	58,30%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	19,26%	21,50%	16,56%	18,25%
Skatttekjur samtals.....	84,49%	90,41%	72,50%	76,55%
Aðrar tekjur.....	15,51%	9,59%	27,50%	23,45%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Laun og launatengd gjöld.....	(39,78%)	(43,52%)	(36,84%)	(39,86%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(2,18%)	(1,78%)	(1,99%)	(1,63%)
Annar rekstrarkostnaður án afskrifta.....	(47,59%)	(47,16%)	(43,69%)	(44,22%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	10,45%	7,54%	17,48%	14,29%
Afskriftir.....	(3,50%)	(4,55%)	(5,35%)	(6,69%)
Fjármagnsliðir, nettó.....	(2,58%)	(2,64%)	(3,34%)	(3,13%)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>4,37%</u>	<u>0,36%</u>	<u>8,79%</u>	<u>4,46%</u>
Handbært fé frá rekstri.....	8,03%		20,87%	
Fjárfestingahreyfingar.....	1,65%		(7,43%)	

Í þúsundum króna á íbúa:

Rekstur:	A hluti		A og B hluti	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður.....	998	937	996	934
Aðrar tekjur.....	183	99	378	286
Rekstrartekjur samtals.....	1.181	1.036	1.373	1.221
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir án afskrifta.....	(1.088)	(985)	(1.179)	(1.084)
Rekstrarniðurstaða ársins.....	<u>93</u>	<u>51</u>	<u>194</u>	<u>136</u>

Í þúsundum króna á íbúa:

Efnahagur:	A hluti		A og B hluti	
	2021	2020	2021	2020
Eignir	1.903	1.855	2.805	2.563
Eigið fé.....	912	932	1.419	1.407
Lífeyrisskuldbindingar.....	205	207	215	217
Skuldir án skuldbindinga.....	786	716	1.171	940

Fimm ára yfirlit A hluta:

Íbúafjöldi:	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017
Í ársbyrjun.....	2.276	2.273	2.156	2.106	2.005
Breyting á árinu.....	189	3	117	50	101
Í árslok.....	<u>2.465</u>	<u>2.276</u>	<u>2.273</u>	<u>2.156</u>	<u>2.106</u>

Skýringar

22. Lykiltölur (framhald)

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ára á verðlagi hvers árs:

	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Útsvar.....	48,16%	49,29%	51,37%	50,17%	49,53%
Fasteignaskattar.....	17,07%	16,78%	15,79%	15,31%	15,29%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	19,26%	21,90%	21,99%	23,20%	23,21%
Eignatekjur.....	1,61%	1,64%	1,70%	1,87%	1,79%
Skatttekjur samtals.....	86,11%	89,62%	90,86%	90,55%	89,81%
Aðrar tekjur.....	13,89%	10,38%	9,14%	9,45%	10,19%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Laun og launatengd gjöld.....	39,78%	47,86%	47,77%	47,96%	47,45%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	2,18%	2,07%	2,10%	1,88%	4,34%
Annar rekstrarkostnaður.....	47,59%	39,38%	35,22%	35,82%	35,72%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	10,45%	10,69%	14,90%	14,33%	12,49%
Afskriftir.....	3,50%	4,34%	4,36%	4,75%	4,83%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði.....	6,95%	6,34%	10,54%	9,58%	7,67%
Fjármagnsliðir, nettó.....	(2,58%)	(2,76%)	(2,30%)	(2,82%)	(1,56%)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>4,37%</u>	<u>3,58%</u>	<u>8,24%</u>	<u>6,76%</u>	<u>6,11%</u>

	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017
Í þúsundum króna á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður.....	998	1.003	930	890	862
Aðrar tekjur.....	183	137	113	114	117
	<u>1.181</u>	<u>1.140</u>	<u>1.043</u>	<u>1.004</u>	<u>979</u>
Laun og launatengd gjöld.....	470	546	498	482	465
Annar rekstrarkostnaður.....	562	449	367	360	350
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði.....	123	122	155	144	122
Fjármagnsliðir, nettó.....	(30)	(31)	(24)	(28)	(15)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>93</u>	<u>90</u>	<u>131</u>	<u>116</u>	<u>107</u>

Efnahagur:

Eignir.....	1.903	1.855	1.723	1.697	1.632
Eigið fé.....	912	932	892	832	802
Lífeyrisskuldbindingar.....	205	207	196	192	193
Skuldir án skuldbindinga.....	786	716	635	673	637

Sjóðstreymi:

Handbært fé frá rekstri.....	95	86	139	4	160
------------------------------	----	----	-----	---	-----

Aðrar lykiltölur:

Veltufjárhlutfall.....	2,79	1,93	2,02	1,65	1,19
Eiginfjárhlutfall.....	47,91%	50,23%	51,77%	49,02%	49,16%

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 731/2013, með síðari breytingum, og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins frá 19. september 2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem bæjarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Bæjarstjórn sveitarfélagsins samþykkti í október 2012 siðareglur fyrir kjörna fulltrúa sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.